



Landssamband æskulýðsfélaga

Fulltrúaráðsfundur LÆF

Dags.: 15. janúar 2009

Staður: Húsnæði Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands að Laugavegi 120, 5.hæð

Fundarmenn: Freyja Oddsdóttir AIESEC, Ása Dóra Finnbogadóttir BÍSN, Sabine Leskopf AUS, Unnur Hjálmarsdóttir URKÍ, Hreiðar Már Árnason SÍF, Sema Erla Serdar UJ, Pálína Björk Matthíasdóttir alþjóðafulltrúi LÆF, Sindri Snær Einarsson varaformaður LÆF, Jón Þorsteinn Sigurðsson formaður LÆF. Einnig sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri LÆF. Gestur fundarins var Bergsteinn Jónsson starfsmaður Unicef á Íslandi.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Fundur settur
 2. Inngangsorð
 3. Hópefli
 4. Starf LÆF frá síðasta sambandsþingi
 5. Umfjöllun um lög LÆF
 6. Framtíð LÆF, hugmyndavinna og umræður
 7. Önnur mál
-
1. Sindri Snær Einarsson (SSE), varaformaður LÆF bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. rúmlega 18:00. Farinn var hringur meðal fundarmanna og fundargestir sögðu til nafns og úr hvaða félagi þeir koma.
 2. Bergsteinn Jónsson starfsmaður hjá Unicef á Íslandi hélt inngangsorð fundarins. Hann sagði frá tilgangi og starfi Unicef á Íslandi. Það helsta sem kom fram í máli hans var að frá því landsnefnd Unicef á Íslandi var stofnuð hefur áherslan fyrst og fremst verið á að safna peningum. Á síðustu mánuðum hefur Unicef á Íslandi þó verið að færa sig meira í réttindabaraáttu barna hér á landi og vinna að verkefnum er snúa að því að auka þátttöku barna í samfélaginu.
 3. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri LÆF fór með fundarmenn í örlítinn leik þar sem reyndi á samvinnu þátttakenda. Slegið var tímamet í leiknum!
 4. Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS) formaður LÆF sagði frá starfi LÆF frá síðasta sambandsþingi. Nýr framkvæmdastjóri var ráðin í vor, Agnar Bragi Bragason og var lögð áhersla á þrjú megin verkefni meðan hann var við störf. Í fyrsta lagi að taka til á skrifstofu félagsins og í bókhalda eftir fyrrverandi framkvæmdastjóra, í öðru lagi að koma upp nýrri heimasíðu og þriðja lagi að gera fréttabréf. Þegar Agnar hætti störfum í lok sumars var komin á fót ný heimasíða, www.aeska.is sem ber nafnið Æskulýðsgáttin. Er síðan hugsuð sem vettvangur fyrir æskulýðsfréttir frá aðildarfélögum sem og LÆF. Gengið hafið verið

frá bókhaldinu auk þess sem fréttabréf LÆF hafði komið út. Auk þess hafið Agnar heimsótt nokkur aðildarfélög og kynnt Æskulýðsgáttina og starfsemi LÆF. Í september var ráðin nýr framkvæmdastjóri, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz. Farið var yfir megin markmið félagsins á komandi mánuðum og var niðurstaðan sú að að efla þyrfti innviði félagsins og tengsl við aðildarfélögin með betra upplýsingaflæði. Í því skyni hefur verið komið á póstlista til aðildarfélaga og heimasíðan er mun oftár uppfærð. Hann sagði frá nauðsyn þess að endurskoða lög félagsins, fjölga aðildarfélögum, hvetja aðildarfélög til verkefna sín á milli og veita aðildarfélögum þá þjónust sem þau leituðu eftir. Loks sagði JPS að framtíðardraumur LÆF væri að vera rödd unga fólksins á Íslandi.

JPS sagði einnig frá samningi sem gerður var við vef fyrirtæki Stefnu sem hýsir Æskulýðsgáttina. Samningurinn felur í sér að aðildarfélög geta fengið síður sínar vistaðar hjá Stefnu á helmingi afslætti.

Ása Dóra Finnbogadóttir BÍSN spurði hvernig LÆF sæi fyrir sér samstarfið við BÍSN. JPS sagði frá að það fælist fyrst og fremst í hugmyndum frá BÍSN um hvað það vildi fá frá LÆF.

Unnur Hjálmarsdóttir URKÍ spurði hvort möguleiki væri fyrir LÆF að hafa áhrif á málefni æskunnar t.d. Æskulýðsráð. JPS svarði því að það væri möguleiki og LÆF gerði það að vissu marki. Til dæmis fundaði stjórn og starfsmaður LÆF reglulega með fulltrúum Menntamálaráðuneytisins auk þess sem í haust hafi verið skapað nokkuð gott samband við nokkra þingmenn. Hann sagði hugmyndin að LÆF kæmi sér upp góðu tengslaneti við ráðuneytið og þingmenn.

5. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri LÆF sagði frá því að upphaflega hafi átt að koma lögfræðingur á fundinn til að fjalla um lög félagasamtaka. Það hefði hins vegar brugðist. Þess í stað sagði HTF frá þeirri hugmynd að fara rækilega í gegnum lög LÆF. Fór hún yfir lögina í grófum dráttum og benti á atirði sem nauðsynlegt er að breyta enda um villur eða ósamræmi að ræða. Lögnum með þessum athugasemdum var dreift á fundinum og fylgja með fundargerðinni með sem viðauki. HTF spurði hvort áhugi væri fyrir því að LÆF stæði fyrir fyrirlestir um lög félagasamtaka og var vel tekið í það. Einnig var vel tekið í þá hugmynd að sett yrði á fót laganefnd sem færi rækilega í gegnum lögina og legði fram tillögur fyrir sambandsþings.
6. Sindri Snær Einarsson varaformaður LÆF opnaði fyrir umræður um framtíð LÆF. Var mikið rætt undir þessum lið. Megin niðurstaðan var þó sú að LÆF ætti að bjóða upp á þjónustu fyrir aðildarfélög sín sem og að vera vettvangur fyrir aðildarfélög til að koma upplýsingum sín á milli. Nokkuð var rætt um námskeiðshald, bæði að LÆF ætti að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra en einnig að LÆF gæti verið vettvangur fyrir aðildarfélög að halda saman námskeið. Eftirfarandi hugmyndir voru ræddar sem mögulegt starfssvið LÆF:
 - a) LÆF ætti að koma á fót styrkjabanka sem aðildarfélög hefðu aðgang að og þyrftu því bara að leita á einn stað þegar leitað væri að hentugum styrkjum.
 - b) Halda fyrirlestra og námskeið fyrir aðildarfélög og skapi þannig vettvang fyrir aðildarfélögin að hittast.
 - c) Bjóða upp á vettvang fyrir aðildarfélög að standa saman að verkefnum.
 - d) LÆF búi til hugmyndabanka með verkefnum og fjáröflunum sem gengið hafa vel hjá aðildarfélögum.
 - e) LÆF ætti að athuga hvort möguleiki væri á því að vera á sjálfboðaliðavefnum www.sjalfboðalidi.is.

- f) LÆF ætti að geta veitt upplýsingar um starfsemi aðildarfélaga sinna og leiðbeint fólki sem hefur áhuga á æskulýðsstarfi á réttar brautir.
- g) Setja upp spurt og svarað vinkil á Æskulýðsgáttina um æskulýðsmál.
- h) Safna greinum um æskulýðsmál á Æskulýðsgáttina og hafa það jafnvel þannig að aðildarfélögin gætu sjálf sett greinar inn.

Auk þessara hugmynda var rætt um að setja á fót vinnuhóp sem myndi vinna að framtíðaráætlun fyrir LÆF. Fjallað var um hvað væri hægt að gera til að hvetja aðildarfélög til að koma á fundi eins og fulltrúaráðsfundi og sambandsþing og auka áhuga þeirra á starfsemi LÆF. Sagt frá markaðsátaki sem farið var í með æskulýðsfélögum í Kanada þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þeirrar óformlegu menntunar sem fólk öðlaðist í starfi fyrir æskulýðssamtök.

7. Stjórn LÆF lagði fram beiðni til fulltrúaráðs um að fá leyfi til að fresta sambandsþingi fram yfir 15. apríl eins og kveðið er á um í lögum félagsins. Samþykkt var að fresta megi þinginu og var það sett í hendur stjórnar ákveða hvenær sá fundur yrði. Einnig var sett í hendur stjórnar að taka ákvörðun um næsta fulltrúaráðsfund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 20:16.

Fundargerð ritaði: Hildur Tryggvdóttir Flóvenz

Viðauki – lög LÆF með athugasemdum

Lög Landssambands æskulýðsfélaga

I. KAFLI

Nafn og aðsetur

1.gr.

Nafn samtakanna er "Landssamband æskulýðsfélaga". Á ensku heita samtökin "The National Youth Council of Iceland". Á frönsku "Le Conceil de la Jeunesse Islandaise". Aðsetur og varnarþing er í Reykjavík.

Málfræðivilla í gæsalöppum sem þarf að laga.

II. KAFLI

Hlutverk og markmið

2.gr.

LÆF er samstarfs og samráðsvettvangur frjálsra æskulýðsfélaga. LÆF starfar sjálfstætt og ber að hafna öllum þrýstingi, hvort sem hann er af pólitískum, trúarlegum eða efnahagslegum toga. LÆF vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum frjálsra æskulýðsfélaga og er málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum. LÆF vinnur að því að efla æskulýðsstarf og æskulýðsumræðu á Íslandi og er fulltrúi aðildarfélaga í margvíslegu erlendu samstarfi. LÆF veitir aðildarfélögum ekki samkeppni í þeirra starfi, en framkvæmir samkvæmt vilja þeirra.

3.gr.

Markmið LÆF eru eftirfarandi:

- Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarfélaga.
- Að veita aðildarfélögum upplýsingar um æskulýðsstarf og málefni er varða ungt fólk, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.
- Að efla samskipti ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.
- Að koma fram fyrir hönd aðildarfélaga þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða.
- Að vera málsvari aðildarfélaga gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.
- Að vera í fararbroddi æskulýðsumræðu á Íslandi.
- Að stuðla að og vera í fararbroddi á Æskulýðsrannsóknnum á Íslandi

Hér um að ræða málfræðivillu og stafsetningavillu.

III. KAFLI

Aðildarfélög

4.gr.

Fulla aðild að LÆF geta fengið þau æskulýðsfélög sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Eru viðurkennd landssamtök æskulýðsfólks, eða starfa fyrir ungt fólk alls staðar að af landinu.
- Eru lýðræðisleg og frjáls (Non Governmental Organisations, NGO).
- Meginþungi starfseminnar er æskulýðsstarf fyrir born og ungt fólk, einkum á aldrinum sex til tuttugu og fimm ára, og málefni þeirra.
- Félög geta ekki verið með tvöfalda aðild, þ.e. verið aðildarfélag LÆF en einnig aðildarfélag annars félags sem líka er aðildarfélag LÆF.

- e) Ef æskulýðsstarfið er hluti af víðtækari starfssemi þarf aðildarfélagið að vera sérstök æskulýðsdeild sem er með sjálfstæða ákvarðanatöku í eigin málum frá meginfélaginu.
- f) Mismuna ekki fólki vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar eða stöðu.
- g) Starfa vilja samkvæmt lögum þessum.

Hér er hugsanlegt að bæta við grein um aukaðild. Eitt félag á aukaðild að LÆF en hvergi er skilgreint hvað í henni fellst. Fara þarf yfir skilyrði fyrir aðild að félaginu og samræma þær við æskulýðslög og hafa í huga þau skilyrði sem systurfélög LÆF á Norðurlöndunum hafa og European Youth Forum.

5.gr.

Til þess að fá aðild að LÆF þurfa umsækjendur að skila skriflegri umsókn til sambandsstjórnar ásamt lögum félagsins og starfslýsingu. Telji framkvæmdarstjórn að umsækjandi uppfylli aðildarskilyrði, fær hann áheyrnaraðild. Umsókn skal síðan lögð fyrir sambandsþing og öðlast umsækjandi fulla aðild með staðfestingu þingsins. Telji framkvæmdastjórn að umsækjandi uppfylli EKKI aðildarskilyrði getur fulltrúaráð veitt honum aukaðild, gegn yfirlýsingu um að umsækjandi áformi að aðlaga sig að skilyrðunum eins og þau koma fram í 4.gr. þessara laga.

Hvergi er skilgreint í lögnum hvað sambandsstjórn er og þarf því að taka þetta orð út úr lögnum..

6.gr.

Að loknum aðalfundum sínum, skulu aðildarfélag senda LÆF starfs- eða ársskýrslu sína, lagabreytingar og upplýsingar um stjórn.

7.gr.

Tilkynning um úrsögn aðildarfélags skal berast skriflega til framkvæmdastjórnar. Eftir afgreiðslu hennar á sambandsþingi öðlast úrsögnin formlega gildi. Leggist aðildarfélag niður, fellur aðild þess að LÆF sjálfkrafa úr gildi.

8.gr.

Aðildarfélag LÆF hafa rétt til þess að taka þátt í starfi þess og að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem fjallað er um innan LÆF. Aðildarfélögin eru fullkomlega sjálfstæð og er LÆF ekki heimilt að hlutast til um starfsemi þeirra. Þó er LÆF heimilt að senda félögum erindi ef að starfsemi félagsins brýtur gegn lögum þessum enda sé það skilyrði fyrir þátttöku félagsins í LÆF.

IV. KAFLI

Sambandsþing

9.gr.

Sambandsþing LÆF hefur úrskurðarvald í öllum málum sambandsins. Boða skal til þings með minnst fimm vikna fyrirvara og skal þingið koma saman fyrir 15. apríl ár hvert. Framkvæmdarstjórn ákveður fundarstað.

10.gr.

Tillögur sem óskast teknar fyrir á þingi, skulu hafa borist framkvæmdastjórn þremur vikum fyrir þingsetningu.

11.gr.

Eigi síðar en tveim vikum fyrir þing skal senda aðildarfélögum dagskrá þingsins, reikninga, rekstraráætlun, lista yfir fulltrúa til setu í fulltrúaráði, tillögur sem borist hafa ásamt þeim tillögum sem framkvæmdastjórn og/eða fulltrúaráð hyggst leggja fyrir þingið.

12.gr.

Hverju aðildarfélagi er heimilt að tilnefna þrjá fulltrúa á þing LÆF. Aðildarfélög skulu tilkynna fulltrúa sína til sambandsstjórnar viku fyrir þing. Skal skriflegt umboð frá formanni eða staðgengli hans fylgja. Framkvæmdastjórn er sjálfkjörin á þing LÆF.

Aftur er hér minnst á sambandsstjórn, auk þess sem víða er fjallað um þing LÆF sem eðilegra væri að fjallað væri um sambandsþing til að fá samræmi..

13.gr.

Félögum með áheyrnaraðild er heimilt að tilnefna þrjá fulltrúa á þing LÆF. Hafa þeir málfrelsi og tillögurétt. Félögin skulu tilkynna fulltrúa sína til framkvæmdastjórnar viku fyrir þing og skal skriflegt umboð frá formanni eða staðgengli hans fylgja. Ef félög með áheyrnaraðild öðlast fulla aðild á þingi, fá fulltrúar þeirra samstundis atkvæðisrétt.

14.gr.

Framkvæmdastjórn er heimilt að boða gesti á þing LÆF. Hafa þeir málfrelsi en hvorki tillögu- né atkvæðisrétt.

15.gr.

Atkvæðisrétt hafa einungis fulltrúar fullgildra aðildarfélaga. Félag telst fullgilt hafi það fulla sambandsaðild og skuldi ekki félagsgjöld til LÆF. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Ekkert aðildarfélag fer með fleiri en þrjú atkvæði.

16.gr.

Til að þing LÆF sé löglegt þurfa þingfulltrúar frá minnst þriðjungum aðildarfélaga að vera viðstaddir. Framhalds-sambandsþing er ávallt löglegt hafi verið réttilega til þess boðað.

Þessa grein þyrfti að skýra og skilgreina hvencer sambandsþing sem og framhaldssambandsþing er löglegt. Misræmi fellst í að sambandsþing er löglegt ef minnst þriðjungur aðildarfélaganna er viðstaddur en framhalds-sambandsþing ef réttilega er til þess boðað. Hvergi í lögunum er skilgreint hvernig er réttilega boðað til framhalds-landsþings.

17. gr.

Í kjörbréfanefnd skulu kosnir þrjár fulltrúar af þingi. Skal hún strax að kosningu sinni lokinni kanna kosningarétt þingfulltrúa.

18.gr.

Til þess að lagabreytingatillaga nái fram að ganga þarf 2/3 atkvæða þeirra þingfulltrúa sem mættir eru. Sama regla gildir um atkvæðagreiðslur um ályktanir og stefnumarkandi mál. Í öðrum tilvikum nægir einfaldur meirihluti.

19.gr.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Þingsetning.
- Kosning þingforseta og þingritara.
- Kosning kjörbréfanefndar.
- Inntaka nýrra aðildarféлага.
- Skýrsla sambandsstjórnar.
- Ársreikningar. Umræða og afgreiðsla.
- Rekstraráætlun og árgjald. Umræða og afgreiðsla.
- Tillögur og ályktanir.
- Lagabreytingatillögur.
- Kynning aðalfulltrúa undirdeilda.
- Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara og alþjóðafulltrúa í framkvæmdastjórn.
- Kosning skoðunarmanna reikninga.
- Önnur mál.
- Þingslit.

V. KAFLI

Fulltrúaráð

20.gr.

Hvert aðildarfélag skal skipa fulltrúa sinn í fulltrúaráð LÆF. Nýskipað fulltrúaráð skal taka við á þingi og er starfstími þess eitt ár. Ef fulltrúi hættir á kjörtímabilinu skal annar fulltrúi sama félags taka sæti hans og skal stjórn viðkomandi félags tilkynna fulltrúaráði slíkt með viðeigandi embættisbréfi. Hlutverk fulltrúaráðs er að efla samstarf milli aðildarfélaganna og vera tengiliðir við aðildarfélögin gangvart LÆF.

21.gr.

Fulltrúaráð fer með æðsta vald í málefnum LÆF milli þinga og skal starfa í samráði við samþykktir síðasta þings. Fulltrúaráðsfundi skal halda að jafnaði á tveggja mánaða fresti eigi minna en ársfjórðungslega. Auka fulltrúaráðsfundur skal haldinn ef minnst fimm fulltrúaráðsmeðlimir fara fram á það. Framkvæmdastjórn situr fulltrúaráðsfundi með tillögu og atkvæðisrétt. Ef atkvæði innan fulltrúaráðs falla jöfn skal atkvæði formanns gilda tvöfalt.

Hér er spurning hvort þarf ekki að skilgreina hver er formaður fulltrúaráðs.

22.gr.

Samþykktir Fulltrúaráðs skulu bornar undir sambandsþing til staðfestingar.

V. KAFLI

Framkvæmdastjórn

23.gr.

Í framkvæmdastjórn skulu kosnir fimm aðilar, óháð deildum, til að fara með daglegan rekstur félagsins. Skulu þeir einstaklingar sem bjóða sig fram hafa tilkynnt framboð sitt til framkvæmdastjórnar minnst tveimur vikum fyrir sambandsþing. Framkvæmdastjórn samanstendur af formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.

24.gr.

Hvert félag sem er fullgildur aðili að LÆF getur einungis boðið fram einn fulltrúa til setu í framkvæmdastjórn.

25.gr.

Framkvæmdastjórn annast daglegan rekstur sambandsins svo sem almenna stjórnsýslu, fjármál o.s.frv. í samráði við ákvarðanir sambandsþings og fulltrúaráðs. Framkvæmdastjórn er heimilt að stofna vinnuhópa og nefndir sem starfa innan valdsviðs LÆF. Framkvæmdastjórn getur samþykkt að sérfróðir aðilar utan stjórnar sitji í slíkum nefndum.

26.gr.

Miða skal við að framkvæmdastjórn komi saman minnst tvisvar í mánuði. Ef atkvæði innan framkvæmdarstjórnar falla jöfn skal atkvæði formanns gilda tvöfalt. Ef fulltrúi í framkvæmdastjórn hættir á kjörtímabilinu, skal fulltrúi hans úr fulltrúaráði taka sæti hans. Félag hans skal þá velja nýjan fulltrúa til setu í fulltrúaráði.

27.gr.

Á fyrsta fundi nýrrar framkvæmdastjórnar skal framkvæmdastjórn setja sér verk- og vinnulags reglur. Skal aðildarfélögum veittur aðgangur að tédum reglum óski þau þess sérstaklega.

28.gr.

Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn til að annast daglegan rekstur skrifstofu LÆF eða önnur störf sem stjórn felur þeim. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmeðlim sem framkvæmdarstjóra. Framkvæmdastjóra LÆF er heimilt að sitja fundi stjórnar og hefur málfrelsi og tillögurétt en er án atkvæðisréttar.

VI. KAFLI

Undirdeildir LÆF

29.gr.

Aðildarfélög LÆF skulu skipa sér í undirdeildir með tilliti til eðlis og starfsemi. Sambandsþing staðfestir hvaða einstök félög mynda undirdeildirnar.

30.gr.

Eigi síðar en tveimur vikum eftir að sambandsþing hefur verið boðað skulu fulltrúar undirdeilda boða til kjörfundar sinnar deildar. Rétt til setu á kjörfundi hafa fulltrúar aðildarfélaga í viðkomandi undirdeild. Hvert aðildarfélag fer með eitt atkvæði. Hlutverk undirdeildarfunda er að fara yfir stöðu mála hjá félaginu auk þess sem aðildarfélög skulu tilkynna fulltrúa LÆF á fundinum hver verður fulltrúi félagsins í fulltrúaráði.

31.gr.

Aðildarfélög innan hvernar undirdeildar geta komið sér saman um frekara samstarf sín á milli ef um viðburð er að ræða sem viðkemur ekki aðildarfélögum í öðrum deildum. Eins geta tvær eða fleiri deildir ákveðið að starfa frekar saman. Í hagsmunamálum og viðburðum sem snerta öll aðildarfélög starfa allar deildir saman undir forystu fulltrúaráðs.

Huga þarf að því hvort nauðsynlegt sé að hafa klausu um undirdeildir þar sem þær virðast ekki vera starfandi innan félagsins.

VII. KAFLI Fjármál

32.gr.

Reikningsár LÆF skal vera almanaksárið. Eigi síðar en tveim vikum fyrir sambandsþing skal senda aðildarfélögum endurskoðaða ársreikninga sambandsins, og á sambandsþingi skal leggja þá fram til samþykktar. Einnig skal á þingi ákveða árgjöld aðildarfélaga.

33.gr.

Ársreikningar LÆF skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðenda og tveimur félagskjörnum skoðunarmönnum sem kosnir eru á sambandsþingi. **Skoðunarmenn geta ekki setið í fulltrúaráði á sama tíma.**

Hér þyrfti að bæta við að skoðunarmenn geta ekki heldur setið í framkvæmdastjórn.

VIII. KAFLI Sambandsslit

34.gr.

LÆF skal lagt niður ef meira en 2/3 aðildarfélaga krefjast þess á sambandsþingi. Skal þá skipa skiptanefnd sem í situr einn fulltrúi frá hverri undirdeild LÆF. Skal nefndin annast frágang félagslegra og fjárhagslegra skuldbindinga.

Aftan við þessa grein þyrfti jafnvel að skilgreina betur hvað skuli gera við hugsanlegar eignir félagsins við slit.

IX. KAFLI Lagabreytingar og gildistaka

35.gr.

Lagabreytingar skulu eingöngu eiga sér stað á sambandsþingi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast til sambandsstjórnar, minnst þremur vikum fyrir þing. Lagabreytingatillögur eru sendar til aðildarfélaga ekki seinna en tveim vikum fyrir þing. Lagabreytingar öðlast gildi ef a.m.k. 2/3 atkvæðabærra fulltrúa sem mæta á **löglegan aðalfund** eru þeim samþykkir.

Aðalfundur er ekki til í þessum lögum og þyfti að leiðrétta þetta og setja inn orðið sambandsþing.

36.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lögum þessum var breytt á Sambandsþingi 2007 og 2008.